


Myndmál



Hvað er ljóð?

- Ljóð hefur sérstöðu í bókmenntaheiminum
- Reynir meira á lesandann
- Lesandinn verður að virkja ímyndunarafl sitt, vera víðsýnn og hafinn yfir fordóma og neikvæðni
- Sagt hefur verið að ljóðskáld séu prófessorar í skilningsvitunum 5! (heyrn, sjón, snerting, bragð, lykt)



Myndmál

Beinar myndir: Höfða til sjónar án líkingamáls.

Álftirnar koma fljúgandi
yfir fjöllin

Settust á vatnið
og sungu



Hluti fyrir heild: Ákveðinn hlutur er nefndur í stað
fyrirbærisins alls.



„En hver veit nema ljósir lokkar
lítill kjóll og stuttir sokkar
hittist fyrir hinum megin?“
(Úr „Fyrir átta árum“ eftir Tómas Guðmundsson.)

Líkingar

Notum líkingar mikið í okkar daglega lífi til að ná fram sterkari áhrifum:

- Barninu er t.d. líkt við gullmola eða sólargeisla.
- Eða einhver logar af hatri
- Hann leikur við hvern sinn fingur
- Hann er fær í flestan sjó
- Hann er köttur liðugur
- Ég er löngu orðinn rótfastur hér í sveitinni
- Hann þykir dálítið fingralangur
- Hann er sterkur sem naut.

Myndmál frh.:

Viðlíkingar: Fyrirbærið sem ort er um er sagt vera eins og eitthvað annað og þekkt á samanburðarorðum.

D. *eins og, líkt og, sem.*

D. Morgunninn birtist eins og gjöf.

Hér er morgninum líkt við gjöf.

Algengar í daglegu tali:

*Hún er sem draumur
Hann étur líkt og svín!
Þú lætur alltaf eins og asni!*

Dæmi um ljóð með viðlíkingu

Í Skaftafelli

landið teygir úr sér
eins og fullnægð kona
á gulum værðarvoðum
hárið flæðir
um svartan svæfil
einsog jökulár

í augum
glampi tærra linda
brjóstin eldfjöll
í skauti hennar
bæjarstaðarskógur
þar sem laufið breytist
í rauða farfugla

(Birgir Svan Símonarson)

Myndmál frh.:

Myndhverfing: minna á líkingar en nú er einu fyrirbæri lýst með því að sýna mynd af öðru fyrirbæri án samanburðarorðs.

– Í stað þess að segja: „þú ert eins og...“ væri þá sagt: „þú ert...“

– Algeng í daglegu máli:

Fjallsöxl, borðfótur, hráblautur, kattþrifinn...

Þú ert sólin í lífi mínu.

Líf mitt er endalaus eyðimörk...

Dæmi um ljóð með myndhverfingu

Ég er...

Ég er rósin sem blómgast að hausti

ég er unglingsins elliglöp

ölið sem alkinn ei smakkar

og ástin sem kann engin rök

ég er marglytta í fjörunnar sandi

ég er fjúkandi bylur í sól

ég er saga sem löngu er liðin.

-Ég er álfur, sem kom út úr hól.

(Guðný Svava Strandberg)



Myndmál frh.:

Persónugerving: Notað þegar hugtak eða dauð náttúrufyrirbæri öðlast mannlega eiginleika og hegðar sér eins og mannvera.

Gosbrunnarnir syngja
og glitra í þúsund ljósum,
og garðarnir baða sumarlangt
í mjallahvítum rósum.
Og geislarnir koma hlaupandi
eins hratt og fætur toga,...

Hlutgervingar: Þegar eitthvað lifandi fær eiginleika dauðra hluta eða eitthvað óáþreifanlegt er gert snertanlegt.

Maðurinn var steinrunninn
Hann stendur eins og stytta
Sorgin er þung